

Verklagsreglur Hljóðritasjóðs

Reglum þessum er ætlað að koma útgefnum reglum Hljóðritasjóðs til fyllingar og skýringar

1. Úthlutað er úr sjóðnum að jafnaði tvisvar sinnum á ári. Verða umsóknir að hafa borist fyrir þann 15. mars og 15. september ár hvert til að vera tækar til úthlutunar í viðkomandi úthlutun. Niðurstaða úthlutunar skal liggja fyrir eigi síðar en 2 mánuðum, að jafnaði, eftir að umsóknarfrestur rennur út. Auglýst skal eftir umsóknum eigi síðar en mánuði fyrir lok hvers umsóknarfrests.
2. Er það skilyrði styrkveitingar að viðkomandi hljóðrit hafi ekki komið út á þeim tíma sem umsókn er móttækin af stjórn Hljóðritasjóðs. Umsókn vegna hljóðrits sem kemur út eftir að sótt hefur verið um styrk en áður en úthlutun hefur farið fram er gild.
3. Styrkhæf verkefni geta jafnt tekið til hljóðritunar einstaks verks / lags svo og stærri verkefna eins og útgáfu plötu sem inniheldur fleiri verk / lög.
4. Stjórn Hljóðritasjóðs veitir einungis styrki til hljóðritunar frumsaminnar áður óútgefinnar tónlistar.
5. Í þeim tilvikum sem veittir styrkir nema kr. 1 milljón eða hærri fjárhæð, miðar stjórn sjóðsins við að 80% styrksins komi til greiðslu strax en 20% eftir að greinargerð um verkefnið hafi borist stjórn sbr. 6. gr. reglna sjóðsins.
6. Umsóknaraðilar geta jafnt verið einstaklingar sem fyrirtæki eða aðrar tegundir lögaðila. Styrkir sjóðsins eru framtals og skattskyldir. Styrkþegar geta dregið kostnað á móti skattstofni skv. almennum reglum. Sá sem tilgreindur er umsækjandi á umsóknareyðublaði telst skattskyldur aðili að þessu leyti, nema annar aðili sé eigandi þess bankareiknings sem styrkurinn er lagður inn á en sá aðili ber þá hina endanlegu ábyrgð.
7. Er það skilyrði fyrir styrkveitingu að fram komi, eftir því sem hægt er, á því útgefna efni sem styrkt er að útgáfan sé styrkt af Hljóðritasjóði.
8. Stjórnarmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans við tiltekna úthlutun skal án tafar vekja athygli formanns nefndar á þeim sem tekur þá ákvörðun um að víkja stjórnarmanni og að kalla eftir varamanní í stjórn. Skal leitast við að boða varamann sem tilnefndur er af sama aðila og aðalmaður eftir því sem kostur er á.
9. Stjórn sjóðsins skal leitast við að veita styrki til útgáfu sem fjölbreyttastar tónlistar.
10. Stjórn sjóðsins skal leitast við að meta gæði þeirrar starfsemi sem fyrirhuguð er við útgáfu og markaðssetningu hljóðrita og reynslu þeirra aðila sem þar koma að máli.

11. Stjórn sjóðsins skal leitast við að styrkja færri verkefni með fjárhæðum sem hafa veruleg áhrif á hvort af framkvæmd verkefnisins verði.

12. Að öðru leyti en að ofan greinir vinnur stjórn sjóðsins eftir leiðbeiningum um málsmeðferð við úthlutun styrkja úr opinberum sjóðum frá september 2010.

Svo samþykkt af stjórn Hljóðritasjóðs þann 31. janúar 2018